



Alþýðusamband Íslands

Horfur í atvinnumálum

Eftir að atvinnuástandið lagaðist örlítið síðastliðið sumar er það aftur tekið að versna. Hugsanlega er atvinnulífið nú að ganga inn í erfiðasta tímabil kreppunnar. Mikilvægt er að stuðningskerfið við atvinnulausa sé viðbúið að takast á við þennan vanda.

Merki um versnandi ástand komu fram strax í október sl. þegar atvinnuleysi jókst úr 7,2% í 7,6%. Enn skýrari merki komu fram í nóvember þegar atvinnuleysið fór upp í 8%. Atvinnuleysi meðal karla fór í 8,5% en meðal kvenna í 7,3%. Atvinnuleysi er talsvert meira á höfuðborgarsvæðinu (8,7%) en landsbyggðinni (6,6%), mest er það þó á Suðurnesjum (13%). Fjöldi þeirra sem hafa verið atvinnulausir í sex mánuði eða lengur stendur nú í tæplega 7.400 manns sem er um helmingur allra á atvinnuleysissskrá. Fjöldi þeirra sem hafa verið atvinnulausir lengur en í eitt ár er kominn yfir 2.500 manns.

[Sjá nánar um ástandið í atvinnumálum á vef ASI](#)

Fyrirtækin í landinu eiga enn við verulegan vanda að etja og líklegt er að atvinnulífið sé nú að ganga inn í mjög erfitt tímabil. Samspil búferlaflutninga, minni atvinnuþátttöku og ýmissa vinnumarkaðsúrreða fyrir þá sem lenda í atvinnuleysi hefur og mun dempa höggið og leiða til minna atvinnuleysis en ella. Það er samt sem áður verulegt áhyggjuefni hve langtímaatvinnuleysi er að aukast mikið um þessar mundir. Mikilvægt er að stuðningskerfið við atvinnulausa sé viðbúið að takast á við þennan vanda.

[Sjá nánar um horfur í atvinnumálum í spá hagdeildar ASI](#)

Vinnumarkaðsúrreði á krepputímum

Atvinnumálanefnd ASI vinnur nú að því að koma á opnum fundi um vinnumarkaðsaðgerðir á krepputímum. Leitað verður til aðila jafnt innan hreyfingar sem utan til að fjalla um þessi mál, en ekki hvað síst til fulltrúa ASI í vinnumarkaðsráðunum sem starfandi eru um allt land. Stefnt er að því að halda fundinn um miðjan janúar nk., hann verður auglýstur á vef ASI þegar nær dregur.

Stefán Úlfarsson, hagfræðingur ASI